

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundahúsa í landi Forsætis III í Vestur-Landeyjum.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra, þann 31. maí 2003, deiliskipulag frístundahúsa í landi Forsætis III, Vestur-Landeyjum, Rangárþingi eystra.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu 3 frístundahúsa ásamt vegagerð að svæðinu.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 13. júní 2003.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Rúnar Guðmundsson byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Giljahverfis III, Akureyri.

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar þann 20. maí 2003 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Giljahverfis III frá 17. september 1991.

Breytingin felst í því að á lóðinni Kiðagil 1 verði byggð 4 tveggja hæða fjölbýlishús í stað eins þriggja hæða húss með blandaðri notkun.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Akureyri, 18. júní 2003.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

SAMÞYKKT

um kattahald í Fellahreppi.

1. gr.

Kattahald í Fellahreppi sætir þeim takmörkunum sem getur í 2. gr. þessarar samþykktar.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem búa í þéttbýli Fellahrepps leyfi til kattahalds með ákveðnum skilyrðum. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang viðkomandi og er ekki framseljanlegt. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem það er gefið út fyrir.